



1.gr.

Nafn

Sjóðurinn heitir Lista- og menningarsjóður Stykkishólms og var stofnaður 17. janúar 1982 í tilefni af 90 ára afmæli Stykkishólmskaupstaðar.

2.gr.

Stjórn

Stjórn sjóðsins er kosin á fjögurra ára fresti að afloknum sveitarstjórnarkosningum og skal hún skipuð forseta bæjarstjórnar sem jafnframt er formaður, auk tveggja annarra. Stjórn sjóðsins tekur ákvörðun um ráðstöfun tekna hans hvert ár og hefur umsjón með eignum sjóðsins

3.gr.

Tekjur

- Á fjárhagsáætlun Stykkishólmsbæjar skal gert ráð fyrir úthlutunarfé sem nemur 1.500.000 kr. vísitölutryggt frá desember 2015.
- Reikningahald og fjármunavarðveisla skal vera hjá bæjarsjóði.
- Styrkuppþæðir úr sjóðnum miðast við fjárhagsgetu sjóðsins hverju sinni.
- Ósóttir styrkir bætast við framlög næsta árs.

4.gr.

Hlutverk

- Að styðja og styrkja lista og menningarstarf í Stykkishólmi og hvetja til nýsköpunar á sviði lista og menningar.
- Styðja við útgáfustarfsemi og viðburði er varðar sögu, menningu og atvinnuhætti bæjarins.
- Að styðja við varðveislu menningarminja.
- Taka við og meta umsóknir um fjárfrek verkefni sem ekki rúmast innan fjárhagsgetu sjóðsins og vera umsagnaraðili bæjarstjórnar. Slíkar úthlutanir væru háðar sér fjárframlögum í fjárhagsáætlun.

5.gr.

Umsóknir

- Auglýsa skal eftir styrkumsóknum í fyrstu viku desember mánaðar ár hvert, í bæjarblöðum Stykkishólmsbæjar og á heimasíðu Stykkishólmsbæjar.
- Umsóknum skal skilað á skrifstofu Stykkishólmsbæjar fyrir nýársdag ár hvert.
- Umsóknir skulu vera skriflegar og undirritaðar, umsóknir sem berast í tölvupóstum jafngilda skriflegum umsóknum.
- Hverri umsókn skal fylgja greinargerð um starfsemi viðkomandi félags og /eða það verkefni sem vinna skal að.



6.gr.

Styrkúthlutanir

- a) Styrki má veita einstaklingum, félögum og samtökum sem starfa að menningarmálum.
- b) Styrkveitingar fari fram einu sinni á ári og skal stjórn tilkynna ráðstöfun tekna sjóðsins á þrettánda degi jóla ár hvert.

Samþykkt á fundi stjórnar Lista- og menningarsjóðs 20. nóvember 2015

Samþykkt á fundi bæjarstjórnar 26. nóvember 2015